

73

19. júní

L Ö G

um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 5 af hundraði á ári.

2. gr.

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal vera frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði.

3. gr.

Af öðrum skuldum en þeim, er í 2. gr. getur, skal vera frjálst að taka í ársvexti allt að 8 af hundraði.

4. gr.

Nú er áskilið annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar en vextir af henni, og má það aldrei vera hærra en svo, að endurgjaldið alls svari til þeirrar vaxtahæðar af höfuðstól skuldarinnar, er getur um í 2. og 3. gr.

5. gr.

Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar unz hann greiðir hana að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni einum meira af hundraði en heimilað er í 1. gr. eða um hefir verið samið milli aðilja, þó svo, að dráttarvextir fari aldrei meira en 1% fram úr vaxtahæð þeirri, sem getur um í 2. og 3. gr.

6. gr.

Ef samið er um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og hafi slíkt verið greitt, ber skuldareiganda að endurgreiða skuldara þá fjárhæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.

Sá, sem áskilur sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, svo og sá, sem er milligöngumaður við slíka samninga, skal sæta

sektum, er eigi séu lægri en fjórfaldur og eigi hærri en tuttugu og fimmfaldur 73
 ágóði sá, er ólöglega var áskilinn eða tekinn. Nú verður eigi sannað, hve mikill 19. júní
 sá ágóði var, og skal þá ákveða sektina eftir málavöxtum.

7. gr.

Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig, að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila, er á var hallað með honum.

Sama gildir, þótt annar maður en sá, sem gerningurinn var gerður við, eigi sök á misferli því, sem getið er í 1. málsg. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febr. 1890, um vexti. Önnur lagaákvæði um vexti og dráttarvexti, svo og 232. gr. siglingalaga, nr. 56 30. nóv. 1914, skulu halda gildi sínu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

74

19. júní

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Björn Franzson, stúdent í Reykjavík, fæddur í Noregi.